

ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað í héraði og ber kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði Jón verzlunarstjóri Laxdal greiði 10 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar. Svo greiði hann og allan af málinu bæði í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. október.

Nr. 36/1906:

Hið opinbera

gegn

Bárði Kristjáni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 8. ágúst þ. á. var hinn kærði Bárður Kristján Guð-

mundsson dæmdur samkvæmt 5 gr. laga nr. 7, 9. febr. 1900, um horfelli á skepnum o. fl., í 30 kr. sekt til sveitarsjóðs Biskupstungnahrepys og samkvæmt 12. gr. í tilsk. 26 maí 1863 í 10 kr. sekt, er renni að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur en að hálfu til fátækranefndarinnar þar. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir eftir ósk dómfelda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Kærði bjó í Bræðratungu í Biskupstungnahreppi fardagaárið 1904—05. Setti hann á hey sín um veturinn 19 nautgripi, 4 kýr, 2 kvígur, 1 naut og 12 vetrunga, og hafði hann alla þessa gripi heima fram að nýári, en þá flutti hann kvígurnar, nautið og vetrungana fram í Bræðratunguey í Hvítá og hýsti gripi þessa þar í skýli, er þar var. Í góulokin komu 2 skoðunarmenn, þeir er skipaðir höfðu verið til eftirlits með fódurbirgðum og meðferð búpenings í hreppnum, til kærða til að skoða skepnur hans og fódurbirgðir. Skoðunarmennirnir voru báðir sammála um að kærði hefði of lítið fóður fyrir fénað sinn og að nautgripir hans væru allir magrir. Annar skoðunarmaðurinn áleit jafnvel suma gripina í eyggi svo sármagra, að þeir myndu ekki geta lifað, en hinn taldi að eins tvo af vetrungunum verulega magra, »en þó alls ekki horaða, að minsta kosti eigi svo, að þeim væri eigi vel líft, ef þeir hefðu þá farið að fá betra fóður«. Kvígurnar áleit hann og »másk eithvað skemdar til fylstu afnota, en alls ekki horaðar«. Hreppstjórinn í Biskupstungnahreppi skoðaði nautkindurnar í eyggi sama dag og skoðunarmennirnir, og áleit hann þær allar holdlitlar og sumar sármagrar, en kvígurnar þó verstar og þær stórskemdar. Rétt fyrir

lokin kom annar skoðunarmaðurinn aftur í eyna með öðrum manni og voru þá 3 vetrungarnir dauðir og sáu mennirnir skinnin af þeim þar. Hinir vetrungarnir og nautið stóðu skjálfandi af kulda inni í opnu skýlinu, og voru allar skepnurnar magrar og helmingur þeirra alveg horaður að álitu skoðunarmannsins, en að álitu mannsins sem með honum var, voru einkum 3 af vetrungunum horaðir,« en þó ekki svo, að þeim myndi ekki líft í góðri tíð«.

Kærði hefir neitað því, að framangreindar skýrslur, sem bornar hafa verið fram fyrir rétti og eiðfestar, væru réttar, og ber hann á móti því að nokkur af nautgripum hans hafi verið horaður eða fallið úr hor. Hann kveðst hafa skorið 2 vetrungana af því að hann áleit sig ekki geta útvegað sér nógan fódurbæti til að geta haldið öllum peningnum yfir veturinn, en vetrungar þessir hafi ekki verið horaðir og hafi kjötið af þeim verið borðað. Þriðji vetrungurinn hafi drepist af slysi. Allur hinn nautpeningurinn, sem kærði setti á, gekk fram, og var hann rekinn suður á Alftanes og til Reykjavíkur um vorið.

Það hefir ekki sannast í málinu, gegn framburði kærða, að vetrungarnir 3, sem skinnin sáu af í Bræðratunguey, hafi fallið úr hor, en þó að hinir nautgripir hans hafi lifað af, þá er nægileg sönnun framkomin um það í málinu, með framangreindum vitnisburðum, að sumir gripirnir hafi fyrir fódurskort og illa umhirðingu verið svo aðfram komnir af megurð, að veruleg hættu hefir verið á því að þeir féllu úr hor, og verður því að álíta að kærði hafi orðið brotlegur gegn 5. gr. fyrnefndra laga 9 febr. 1900, og þykir refsing sú, er

hann hefir til unnið með broti sínu, hæfilega ákveðin í lögregluréttardóminum 30 kr.

Þá hefir það og sannast á kærða, að hann hefir flutt til Reyjavíkur og sezt þar að í húsmensku, án þess að hafa fengið lögskipað leyfi til þess, og er hann því réttilega sektaður fyrir það í hinum áfrýjanda dómi samkvæmt tilvitnuðu lagaboði, og samþykkist upphæð sektarinnar eins og dómurinn ákveður hana.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Kærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Bárður Kristján Guðmundsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar sektir greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.